

Nafn námskeiðs: **Óvenju fagur rammi**

Staðsetning: Útistofan í Heiðmörk

Tengt: Erlend tungumál, Íslenska, Miðstig (5.-7. bekkur), Unglingastig (8.-10. bekkur)

Nánari lýsing:

Óvenju fagur rammi

Lýsingarorð

Viðfangsefni: Að skoða afmarkað umhverfi með tilliti til orðflokka.

Aldur: Miðstig.

Árstími: Vor, sumar, haust.

Tími: 2 kennslustundir.

Stutt lýsing: Nemendur koma með ramma á svæðið og leggja hann á einhvert tiltekið svæði sem þeir velja sér. Nemandi finnur ákveðin orð innan rammans og skrifar þau á rammann.

Kennslugögn: Upplýsingabæklingur, skriffæri, papparammar, 1 á hvern nemenda t.d. klippt innan úr A4 eða A5 blaði/kartoni. Minni rammi er nemendum meiri áskorun. Tilvalið er að nota endurunninn pappa eins og morgunkornsumbúðir.

Framkvæmd:

Kveikja: Nemendur þurfa að þekkja orðflokkagreiningu. Tilvalið er að fara í einn lýsingarorðsleik í upphafi til að minna nemendur á lýsingarorðin.

Á vettvangi: Á svæðinu ráða nemendur hvar þeir eru þegar þeir leggja rammann sinn niður.

Nemendur virða fyrir sér það sem er innan rammans og eiga að skrifa eins mörg lýsingarorð á rammann og þeim finnst eiga við.

Þegar ramminn hefur verið staðsettur má nemandinn ekki færa hann fyrir en verkefninu er lokið.

Einnig má skrá lýsingarorðin í *vísindabók* og þannig aflar nemandinn gagna til að taka með í skólann og vinna með nánar, t.d. með því að stígbreyta þau lýsingarorð sem hann skráði utandyra.

Ígrundun og úrvinnsla: Við lok dags er tilvalið að setjast niður við eldstæðið og hver les af sínum ramma og lýsir því sem fyrir augu bar.

+ Þennan leik má útfæra á ýmsan máta, þá t.d. með nafnorðum, sagnorðum og samsettum orðum.

++ Þessi leikur hentar einnig vel í kennslu erlendra tungumála.